

## Efni: Umsögn Hellnaskers hugveitu um fyrstu drög að aðgerðum í aðgerðaráætlun ferðamálastefnu 2030, mál nr. 219/2023


### A.4 Orkuskipti og orkunotkun

Hver sem málaflokkurinn er, þá er ekki auðvelt að fjalla um áætlunir ef þær miða ekki við það að það sé neyðarástandi. Þá er ekki auðvelt að gera athugasemdir við einstaka liði þegar áætlunin í heild sinni miðar við allt annan raunveruleka en við búum í.

Það er gert ráð fyrir að:

- við í stórum dráttum höldum áfram að lifa þeim lífstíl sem við höfum lifað.
- heildarorkunotkun okkar dragist ekki saman.
- ásókn okkar í fágæt efni jarðarinnar aukist (óhjákvæmilega með orkuskiptum)


Þegar við segjum hér "við" og "okkar" erum við fyrst og fremst að tala um ríkustu 10% jarðarbúa, sem við Íslendingar og ferðamenn sem hingað koma erum flest hluti af.



Okkar ábyrgð er mikil og það erum við sem verðum að breyta stórlega okkar lífstíl, öðruvísi næst ekki að takmarka ofhitun jarðar og hrun vistkerfa.

Nýleg rannsókn fyrir Alþjóðlegu hjálparsamtökin Oxfam - [Richest 1% emit as much planet-heating pollution as two-thirds of humanity](#) sýnir hrikalega stöðu á misskiptingu og þátt ríka fólksins í hitun jarðar.

Við höfum sett mögulegan samdrátt í CO2 losun inn í graf frá stjórnvöldum og skipti því upp í þrjá flokka.



Markmið: Samdráttur í CO2 losun til 2030

Aðgerðir:

- Í ferðapjónustunni er mögulegt er að ná miklum "a" samdrætti með reglum og bönnum. Dæmi: Takmarkanir í flugi er meiriháttar aðgerð og hefur mikil áhrif á samdrátt í losun, t.d. kvóti á fjölda fluga. Einföld aðgerð með litlum áhrifum: samnýta fragt- og farþegaflutninga.
- Ef við treystum okkur ekki í að banna má ná "b" samdrætti með fræðslu og takmörkum á auglýsingum líkt og með áfengi og tóbak eða hætta með fríhöfn eða minni þjónusta um borð í flugvélum. Léttir flugvélar og flugferðin minna aðlaðandi.
- Alvöru uppbygging á farþegaskipum og aukið framboð skipaferða, aðgerð „c“. Styðja við þróun farþegasiglinga, rafeldsneyti, segl og fleira.

Óhjákvæmilega minkar ferðapjónustan niður í lítinn hluta af því sem nú er en það eru þó möguleikar eins og Jean-Rémi Chareyre fer yfir í greininni [Ísland og farþegasiglingar: á vit forfeðranna?](#) - á fréttamiðlinum Kolfni og menn.

Við gætum sett plástra núna á túrisman og aðra hluta samfélagsins en það þarf að gera meira.

Tenglar:

<https://www.kolfniogmenn.is/post/%C3%ADsland-og-far%C3%BEegasiglingar-%C3%A1-vit-forfe%C3%B0ranna>

<https://www.oxfam.org/en/press-releases/richest-1-emit-much-planet-heating-pollution-two-thirds-humanity>

Virðingarfyllt,  
f.h. Hellnasker hugveita  
Gísli Sigurgeirsson  
[hellnaskerhugveita@gmail.com](mailto:hellnaskerhugveita@gmail.com)